



## Áherslur ASÍ vegna málefna kjararáðs

Janúar 2018

### Helstu áhersluatriði:

- Að mörkuð launastefna tímabilsins 2013-2018 í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins nái einnig til þeirra hópa sem heyra undir Kjararáð.
- Að stjórnvöld beiti sér fyrir endurskoðun á ákvörðunum kjararáðs sem ganga gegn hinni sameignlegu launastefnu.
- Að endurskoða ákvæði laga um kjararáð sem fjalla um viðmiðun ráðsins við ákvarðanir um laun og launabreytingar.

### 1/ Launastefna árunna 2013-2018

Í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins sem undirritað var þann 27. október 2015 undirgengust samningsaðilar að fylgja sameiginlegri launastefnu í kjarasamningum við sína starfsmenn sem byggði á að **kostnaðarhækkanir vegna kjarasamninga skyldu ekki fara umfram 32% á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018**, að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda. Undir þetta samkomulag rituðu fulltrúar ríkis, sveitarfélaga, SA, ASÍ og BSRB og skuldbundu sig þar með til að fylgja ofangreindri launastefnu á samningstímanum gagnvart þeim hópum sem þeir gera kjarasamninga vegna. Með rammasamkomulaginu var mörkuð launastefna fyrir vinnumarkaðinn í heild, þar á meðal um samninga við alla starfsmenn hins opinbera. Í því ljósi er eðlilegt að líta svo á að Kjararáði, sem úrskurðar um laun þjóðkjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstöðumanna stofnanna og fyrirtækja hins opinbera, beri sömuleiðis að fylgja þeirri launastefnu sem þar er mörkuð.

### Rammasamkomulagið miðar við árið 2013 til að verja sérstakar hækkanir á lægstu laun

Í aðdraganda rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins var tekist nokkuð á um það hvaða viðmiðunartímabil væri eðlilegt að horfa til í hinni sameignlegu launastefnu sem þar er mörkuð. Skiptar skoðanir voru um hvort horfa skyldi aftur til ársins 2006, þangað sem launagögn Hagstofunnar ná til eða hvort miða skyldi við árið 2013 þegar samstarf það sem kennt hefur verið við SALEK hófst. **Af hálfu ASÍ og BSRB var lögð mikil áhersla á að taka viðmið í árinu 2013 svo verja mætti sérstakar hækkanir á lægstu launum í kjarasamningum síðastliðinn áratug.** Í öllum kjarasamningum sem gerðir voru á vettvangi ASÍ og BSRB á tímabilinu frá 2006-2015 var lögð sérstöku áhersla á að hækka lægstu laun umfram önnur með s.k krónutöluhækkunum á taxtalaun. Með því að miða hina sameiginlegu launastefnu sem ná skyldi til allra hópa við árið 2006 hefði verið þurrkaður út stór hluti þess árangurs sem náðst hefur við að bæta kjör láglaunahópa undangenginn áratug. Þetta töldu ASÍ og BSRB óforsvaranlegt. Á þetta sættustu aðlar rammasamkomulagsins, þar með talið fulltrúi fjármálaráðherra og var niðurstaða samkomulagsins að miða hina sameiginlegu launastefnu við árin 2013-2018. Í umfjöllun um ákvarðanir kjararáðs vísa stjórnvöld hins vegar að jafnaði til þess að eðlilegt sé að miða við launaþróunar þeirra sem undir ráðið heyra frá árinu 2006 og

velja þannig að líta alfarið fram hjá þeirri staðreynd að hafa undirgengist hina sameiginlegu launastefnu með viðmiði í árinu 2013. Með því virðast stjórnvöld telja eðlilegt að launaþróun ráðamanna, embættismanna og forstöðumann ríkisins, sem jafnframt eru launahæstu starfsmenn ríkisins, sé hin sama og hjá lægst launaða hópi landsins sem sérstök áhersla hefur verið á að hækka umfram annað launafólk í almennum kjarasamningum.

Vísitala reglulegra launa í heildarsamtökum á vinnumarkaði í nóvember ár hvert													
	ASÍ							BHM		BSRB		KÍ	
	Versl.	Iðnaðarm.	Verkafólk	Alm.	Ríki	Sv.fél.	Rvk.borg	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
2006	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2007	109,5	108,9	109,7	109,6	105,8	105,1	105,1	108,7	108,4	108,3	104,9	107,2	104,0
2008	116,4	113,9	118,3	117,0	124,7	109,3	109,3	123,4	115,3	123,1	110,5	123,0	124,2
2009	120,9	115,3	124,4	121,7	127,6	127,5	127,5	124,3	123,2	124,4	123,9	123,5	129,3
2010	127,8	121,6	130,8	128,2	134,6	130,9	130,9	127,1	125,1	130,3	126,2	124,7	130,8
2011	136,6	129,3	140,1	137,7	141,8	139,4	139,4	135,9	133,9	138,4	133,5	134,0	138,3
2012	145,2	136,9	149,4	145,6	149,4	146,8	146,8	144,1	141,5	145,1	140,1	140,2	144,6
2013	154,4	144,5	159,0	154,5	165,5	155,5	155,5	153,1	148,7	155,2	147,7	146,3	152,0
2014	162,4	151,7	170,1	163,2	175,1	170,8	170,8	162,7	163,7	162,9	160,7	169,6	171,0
2015	175,3	163,3	188,6	178,0	187,6	178,2	178,2	180,4	166,7	176,6	168,2	200,4	185,5
2016	190,5	176,8	207,2	193,7	207,7	206,9	206,9	200,7	193,8	195,3	194,0	216,0	218,6

### Launaþróun samkvæmt mælikvarða rammisamkomulagsins frá 2013-2016

Í desember síðastliðnum undirrituðu íslenska ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Alþýðusamband Íslands, BSRB og Samtök atvinnulífsins, samkomulag um útfærslu á launaþróunartryggingu sem kveðið er á um í rammisamkomulaginu.

Launaþróunartryggingunni er ætlað að tryggja að laun opinberra starfsmanna sitji ekki eftir í almennri launaþróun. Við útreikning á henni er horft til launaþróunar á almennum vinnumarkaði til samanburðar við þá sem starfa hjá hinu opinbera og náði samkomulagið nú til tímabilsins frá nóvember 2013 til nóvember 2016. Gert er ráð fyrir að launaþróun þessara hópa verði áfram borin saman út samningstímamann í árslok 2018.

Sameiginlegt mat samningsaðila á launakostnaðarbreytingum þessara hópa leiddi í ljós að á tímabilinu hafi launakostnaður að teknu tilliti til kostnaðar vegna framlags launagreiðenda í lífeyrissjóð á tímabilinu (3,5% á almennum vinnumarkaði og 1,5% hjá hinu opinbera) hækkað með eftirfarandi hætti:

### Hækkun launakostnaðarvísitölu skv.sameiginlegu mati í samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 21. desember 2017

	ASÍ			BSRB	
	Almenni mark.	Ríki	Sveitarfélög	Ríki	Sveitarfélög
Hækkun launakostnaðarvísitölu alls	29,4%	27,2%	32,5%	27,7%	30,7%
Frávik frá ASÍ almenni markaður%	0,0%	-1,8%	2,3%	-1,3%	1,0%

Niðurstaða samkomulagsins var því sú að launaþróunartryggingin fyrir tímabilið frá nóvember 2013-2016 skili félagsmönnum innan raða ASÍ sem starfa hjá ríkinu 1,8% launahækkun frá og með 1. janúar 2017 og félagsmönnum innan raða BSRB hjá ríkinu 1,3% hækkun frá sama tíma.

Til samanburðar má skoða þróun hópa innan raða ASÍ sundurliðað eftir starfsgreinum auk þróunar hjá þeim heildarstamtökum á vinnumarkaði sem ekki eru aðilar að rammisamkomulaginu, BHM og KÍ.

	ASÍ						BSRB		BHM		KÍ	
	Verslunarmenn.	Iðnaðarmenn.	Verkamenn.	Almennimark. - samtals	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
Hækkun launakostnaðarvísitölu alls	27,4%	26,3%	34,5%	29,5%	27,2%	32,5%	27,7%	30,7%	32,9%	32,1%	32,0%	31,0%
Frávik frá ASÍ almenni markaður %	-1,6%	-2,4%	3,9%	0,0%	-1,8%	2,3%	-1,3%	1,0%	2,6%	2,0%	1,9%	1,2%

Það skýtur því nokkuð skökku við að á sama tíma og ríkið semur um 1,3-1,8% launabróunartryggingu við lægst launuðu starfsmenn sína til að mæta mun á launabróun á almennum og opinberum vinnumarkaði skuli kjararáð ítrekað úrskurða um hækkunir sem nema tugum prósentu til hæst launuðu starfsmanna ríkisins. Sanngjarnt og eðlilegt væri að ákvæði rammisamkomulagsins næðu einnig til úrskurða kjararáðs.



## 2/ Launabróun kjararáðshópa í samanburði við aðra á tímabilinu 2013-2016

Þegar skoðuð er launabróun ýmissa hópa sem kjararáð úrskurðar kjör, til samanburðar við almenna launabróun á tímabilinu sem hin sameiginlega launastefna rammisamkomulagsins nær til má sjá að frá árinu 2013 hafa laun kjararáðshópanna í öllum tilvikum hækkað umtalsvert umfram almenna launabróun. Mest hafa laun ráðherra hækkað um 64% á tímabilinu. Laun þingmanna hafa að teknu tilliti til breytinga sem forsætisnefnd Alþingis gerði á kostnaðargreiðslum í janúar 2017 hækkað um 52-57% og laun ráðuneytis- og skrifstofustjórar hjá Stjórnarráðinu hafa hækkað um 48-55%. Kjararáð hefur endurúrskurðað um laun forstöðumanna fjölda fyrirtækja og stofnana hins opinbera á undanförunum tveimur árum. Sem dæmi um launahækkanir forstöðumanna stofnana má nefna að laun Biskups Íslands hafa hækkað um ríflega 55% að teknu tilliti til úrskurðar kjararáðs sem tók gildi í upphafi árs 2017, laun hagstofustjóra og forstjóra Útlendingastofnunnar hafa hækkað um 45% og forstjóra Fjármálaeftirlitsins um 39%. Á sama tímabili hækkuðu lægstu laun fyrir fulla dagvinnu á vinnumarkaði um 27,5%, launavísitalan í heild um 29,6% og launavísitala stjórnenda um ríflega 22%.

Í töflunni hér að neðan er einnig að finna launabróun að teknu tilliti til hækkunar á lífeyrisframlagi sem samið var um á tímabilinu. Á almennum vinnumarkaði nemur hækkunin vegna lífeyrisframlagsins 3,5% (3,24% launakostnaðaráhrif) en hjá ríkinu 1,5% skv. mati við breytingar á lögum um LSR í desember 2016 (1,35% launakostnaðaráhrif).

	Laun í krónum		Hækkun í krónum	Hækkun í %	Hækkun m. lífeyrisframlagi %
	2013	2016	2013-2016	2013-2016	2013-2016
Forseti Íslands	2.048.229	2.985.000	936.771	45,7%	47,3%
Forsætisráðherra	1.231.092	2.021.825	790.733	64,2%	66,5%
Aðrir ráðherrar	1.112.606	1.826.273	713.667	64,1%	66,4%
Þingmenn af Hbsv. - heildarlaun <sup>1</sup>	916.250	1.391.921	475.671	51,9%	53,7%
Þingmenn af landsbyggðinni - heildarlaun <sup>1</sup>	989.976	1.552.770	562.794	56,8%	58,8%
Ráðuneytisstjóri - forsætisráðuneyti	1.227.405	1.817.643	590.238	48,1%	49,8%
Ráðuneytissstjórnar - aðrir	1.155.964	1.725.433	569.469	49,3%	51,0%
Skrifstofustjórnar án mannaforráða	774.825	1.167.880	393.055	50,7%	52,5%
Skrifstofustjórnar með mannaforráð	860.498	1.305.712	445.214	51,7%	53,5%
Skrifstofustjórnar - staðgenglar ráðherra	884.735	1.374.252	489.517	55,3%	57,3%
Biskup Íslands <sup>1</sup>	999.777	1.553.323	553.546	55,4%	57,3%
Hagstofustjóri	1.011.075	1.466.836	455.761	45,1%	46,7%
Forstjóri Fjármálaeftirlitsins	1.289.072	1.792.662	503.590	39,1%	40,4%
Forstjóri Útlendingastofnunnar	922.775	1.340.176	417.401	45,2%	46,8%
Lágmarkslaun (Dagvinnutekjutrygging)	204.000	260.000	56.000	27,5%	28,3%
Launavísitala	100	129,6		29,6%	30,3%
Launavísitala stjórnenda á almennum markaði	100	122,3		22,3%	23,0%

1/ Mv. janúar 2017



### 3/ Launasetning kjararáðshópa til samanburðar við stjórnendur í atvinnulífinu

Þegar skoðuð er launasetning kjararáðshópanna til samanburðar við laun stjórnenda í atvinnulífinu má t.a.m. sjá að laun ráðuneytisstjóra, þingmanna og forstöðumanna margra stofnanna eru umtalsvert hærrí en laun æðstu stjórnenda í atvinnulífinu skv. launatölfræði Hagstofunnar. Sömu sögu er að segja um laun næst æðstu stjórnenda í atvinnulífinu til samanburðar við t.a.m. skrifstofustjóra í ráðuneytum. Kjararáð hefur þannig á mörgum sviðum tekið forystu í launasetningu og er þar með orðið launaleiðandi á vinnumarkaði í stað þess að taka viðmið í þeirri launasetningu sem þar tíðkast.

